

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulagsbreyting, Svínárnes, L237207, breyttar byggingarheimildir.*

Í breytingunni felst að heildarbyggingarmagn er minnkað innan svæðisins og húsum fækkað. Samkvæmt eldri skilmálum var gert ráð fyrir því að heimilt væri að byggja allt að 10 hús að 100 fm. Hámarksbyggingarmagn innan lóðar var skilgreint 950 fm. Eftir breytingu er gert ráð fyrir allt að 5 húsum sem mega vera að hámarki 100 fm og einu húsi sem getur verið allt að 250 fm að stærð. Hámarksbyggingarmagn í Svínárnesi er 800 fm eftir breytingu. Samþykkt í sveitarstjórn 20. júní 2024.

*Deiliskipulagsbreyting, Ás, L166710, aukið byggingarmagn.*

Um er að ræða að heimiluð hámarksstærð skiptiaðstöðu er aukin úr 50 fm í 80 fm. Samþykkt í sveitarstjórn 20. júní 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 1. júlí 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 15. júlí 2024